



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

September 2006 nr. 144

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Bragi Þorgrímur Ólafsson

bragio@bok.hi.is

HÁDEGISFUNDIR HEFJAST

HVAÐ ER SAGNFRÆÐI? RANNSÓKNIR OG MIÐLUN

Hádegisfundir Sagnfræðingafélags Íslands hefjast að nýju þriðjudaginn 12. september. Fundirnir hófu göngu sína vorið 1998 með efninu *Hvað er félagssaga?* Þeir hafa fest sig í sessi í íslensku fræðasamfélagi og náð að vekja athygli fjölmiðla og almennings. Að þessu sinni er dagskrá vetrarins skipt í tvennt. Á haustmisseri verður fjallað um rannsóknir í sagnfræði en á vormisseri verður fjallað um miðlun sagnfræðinnar.

Í vor var óskað eftir hugmyndum að viðfangsefnum hádegisfundanna, og var töluvert rætt á Gammabrekku um efni sem tengja má við rannsóknir og miðlun sagnfræðinnar. Segja má að þetta séu tvær meginstoðir sagnfræðinnar og hvorug stöðin ætti að þrífast án hinnar. Sagnfræðirannsókn án miðlunar er tilgangslaus öðrum en þeim sem stunda hana og miðlun sagnfræði án rannsókna getur beinlínis verið skaðleg í samfélagi sem vill vera upplýst og víðsýnt.

Að vanda koma fyrirlesararnir úr ýmsum áttum, meginhluti eru þó sagnfræðingar. Hér má sérstaklega vekja athygli á breska sagnfræðingnum Antony Beevor sem mun flytja erindi þann 10. október um sagnfræðirannsóknir í Rússlandi, en Beevor er heimsþekktur fyrir rannsóknir sínar á síðari heimsstyrjöld og hlotið ýmis verðlaun fyrir

þær rannsóknir. Hann hefur einnig skrifað nokkrar sögulegar skáldsögur. Sjá nánar:

www.antonybeevor.com

Breski sagnfræðingurinn A.J.P. Taylor sagði eitt sinn að sagnfræði yrði að vera eins spennandi og skemmtileg og góður skáldskapur. Það er sjónarmið út af fyrir sig en svo má segja að skilin milli skáldskapar og sagnfræði séu ekki endilega mjög skörp. Í *Kristnihaldi undir jökli* kvað séra Jón Prímus til dæmis upp þennan dóm um skáld og sagnfræðinga: „Munurinn á sagnaskáldi og sagnfræðingi er sá að hann sem ég nefndi fyr lýgur vísvitandi að gamni sínu; sagnfræðingurinn lýgur í einfaldni sinni og ímyndar sér að hann sé að segja satt.“ En þetta var auðvitað skáldsaga.

Sagnfræðirannsóknir og sagnfræðimiðlun verða rædd vítt og breitt á hádegisfundum vetrarins og má með sanni segja að dagskráin hafi sjaldan eða aldrei verið jafnfróðleg og spennandi. Fundirnir verða sem fyrr haldnir í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu og hefjast kl. 12:05 og standa til 12:55.

Útdrættir erinda verða kynntir á Gammabrekku og í fjölmiðlum hverju sinni. Dagskrá vetrarins er að finna á bls. 3.

Guðni Th. Jóhannesson

NÁMSKEIÐ Í GAGNAGRUNNUM

Í byrjun apríl voru nokkrar umræður á Gammabrekku um notkun gagnagrunna við sagnfræðirannsóknir og var hvatt til þess að Sagnfræðingafélagið kannað möguleika á námskeiði í gagnagrunnsgerð. Stjórn félagsins hefur átt í viðræðum við Tölvu- og verkfræðipjónustuna um að halda námskeið í *Access* gagnagrunnsgerð sem væri sniðið sérstaklega með þarfir sagnfræðinga í huga. Fyrirhugað er að þetta námskeið verði 15-18 kennslustundir. Þeir sem áhuga hafa á slíku námskeiði vinsamlega sendið tölvupóst til Þórunnar Guðmundsdóttur á netfangið thorunn@simnet.is. Vinsamlega takið fram hvort það hentar ykkur að mæta í dagtíma eða kvöldtíma.

NÝ HEIMASÍÐA FÉLAGSINS

Heimasíða Sagnfræðingafélagsins gengst um þessar mundir undir endurnýjun. Síðan var fyrst opnuð í október 1999 í umsjón Björgvins Sigurðssonar og svo endurnýjuð af Krístrúnu Höllu Helgadóttur nokkru síðar.

Hin nýja útgáfa heimasíðunnar er hönnuð með aðgengileika að leiðarljósi og byggir á traustum grunni *Wordpress* vefumsjónarkerfisins. Það er Borgar Þorsteinsson vefhönnuður sem sér um hönnun hinnar nýju síðu og hefur umsjón með yfirfærslu eldra efnis.

Stefnt er að því að opna nýju síðuna 12. september, eða um leið og vetrarstarf félagsins hefst. Slóðin er: www.sagnfraedingafelag.net

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands var auglýstur með tilskildum fyrirvara og haldinn í húsi Sögufélags laugardaginn 18. mars 2006. Fyrir fundinn flutti Sigrún Sigurðardóttir sagnfræðingur og menningarfræðingur fyrirlestur sem nefndist „Engill sögunnar. Um díalektískar myndir, óvæntar minningar og fortíðina í sjálfri mér.“ Var fyrirlestrinum vel tekið. Venjuleg aðalfundarstörf fóru svo fram vandræðalaust og bar í raun fátt til tíðinda. Gísli Gunnarsson var kjörinn fundarstjóri og stýrði fundinum af röggsemi. Svavar Hávarðsson var kjörinn fundarritari og skráði samviskusamlega það sem fram fór.

Fyrst var ársskýrsla stjórnar kynnt, lögð fram til samþykktar og samþykkt. Á sömu lund fór með ársreikninga félagsins. Engar tillögur að lagabreytingum lágu fyrir fundinum og stjórnarkjör gekk hratt og örugglega fyrir sig. Fráfarandi formaður, Guðni Th. Jóhannesson, bauð sig fram til endurkjörs og var kjörinn einróma án mótframboðs eins og allir aðrir sem buðu sig fram til setu í stjórn félagsins: Bragi Þorgrímur Ólafsson, Guðbrandur Benediktsson, Hilma Gunnarsdóttir og Margrét Gestsdóttir, sem sátu í fráfarandi stjórn, og þau Unnur María Bergsveinsdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir. Ólöf Garðarsdóttir og Svavar Hávarðsson gengu úr stjórn og var þeim þakkað gott starf í þágu félagsins.

Arnþór Gunnarsson og Gísli Gunnarsson voru einróma kjörnir endurskoðendur félagsins, og fulltrúar í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga Halldór Bjarnason og Hrefna Karlsdóttir. Þá var ákveðið að árgjald fyrir næsta starfsár yrði óbreytt, 2.500 krónur.

Að loknum aðalfundi fjölmenntu fundarmenn á kvöldverð á Café Cultura og áttu svo góða stund saman langt fram eftir kvöldi.

Gaman var að koma í Keflavík

Áttunda landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélags Íslands og Félags Þjóðfræðinga var haldin í Reykjanesbæ laugardaginn 8. mars s.l., undir yfirskriftinni „Gaman er að koma í Keflavík“. Þema ráðstefnunnar var dægurmenning og íslensk roksaga og þótti því við hæfi að vitna svona í dægurlagatextann góða. Sú hefð hefur nú skapast að „stórar“ 2-3 daga landsbyggðarráðstefnur eru haldnar annað hvert ár en minni dagsráðstefnur þar á milli. Auk þjóðfræðinga og sagnfræðinga

stóðu Byggðasafn Reykjanesbæjar og Málfundafélagið Faxi að ráðstefnunni.

Áður en ráðstefnan var formlega sett var farið í kynnisferð um varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli og þóttust menn vel sjá að hið erlenda lið þar yrði senn á förum fyrir fullt og allt. Ráðstefnan fór svo hið besta fram í poppminjasafninu í Duus-húsum í Reykjanesbæ og var góður rómur gerður að erindum fyrirlesara, svo ekki sé minnst á tilburði Rúnars Júl. og féлага í Tríói Rúnars Júlíussonar að kvöldi dags. Níu manns fluttu erindi á ráðstefnunni: Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur, Gestur Guðmundsson félagsfræðingur, Kristján Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja, Sigrún Jónsdóttir Franklín Þjóðfræðingur og leiðsögumaður, Sigrún Ásta Jónsdóttir safnstjóri, Helgi Hólm kennari, Karl Jóhann Garðarsson sagnfræðingur, Kristín Einarsdóttir Þjóðfræðingur og Þór Tjörvi Þórsson sagnfræðingur.

Styrktaraðilar ráðstefnunnar voru Reykjanesbær, Byggðasafn Reykjanesbæjar, Háskóli Íslands, Iceland Express, menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Ljósmyndir frá ráðstefnunni og stutta útgáfu ýmissa erinda á henni má finna í *Faxa*, tímariti samnefnds málfundafélags suður með sjó. Um 50 manns sóttu ráðstefnuna og verður að segjast að fleiri sagnfræðingar hefðu mátt vera í þeim hópi. En um það þýðir ekki að fást úr þessu! Undirbúningur að næstu landsbyggðarráðstefnu er þegar hafinn og verður hún kynnt í næsta Fréttabréfi og á Gammabrekku þegar þar að kemur.

Forsetaembættið og stjórnarskráin í sögulegu ljósi

Laugardaginn 25. mars s.l. hélt Sagnfræðingafélagið málþing í Þjóðminjasafni Íslands með þessari yfirskrift, í samvinnu við Stjórnarskrárnefnd. Fimm fyrirlesarar fluttu erindi sem tengdust efni ráðstefnunnar með einum eða öðrum hætti; Björg Thorarensen lögfræðingur, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur, Svanur Kristjánsson stjórnmalafraeðingur og Þórður Bogason lögfræðingur.

Fyrirlestrar allra nema Svans Kristjánssonar hafa verið birtir í einhverri mynd í vefritinu *Stjórnmal og stjórnsýsla*. Þess má geta að í vefritinu er m.a. að finna efni af sagnfræðilegum toga og efni eftir sagnfræðinga.

www.stjornmalogstjornsysla.is.

HVAÐ ER SAGNFRÆÐI? RANNSÓKNIR OG MIÐLUN

DAGSKRÁ HÁDEGISFUNDA VETRARINS

Dagskrá hádegisfunda fyrir áramót

Rannsóknir

12. september, Þórarinn Eldjárn skáld, „Ljúgverðugleiki“
26. september, Anna Agnarsdóttir sagnfræðingur, „Hvað er satt í sagnfræði?“
10. október, Antony Beevor sagnfræðingur, „*Stalíngrad* og *Berlín*. Sagnfræðirannsóknir í Rússlandi“
24. október, Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur, „Getur sagnfræði hjálpað fólki að grenna sig?“
7. nóvember, Sigrún Sigurðardóttir menningar- og sagnfræðingur, „Munnlegar heimildir. Möguleikar og sannleiksgildi“
14. nóvember, Agnes Arnórsdóttir sagnfræðingur, „Hvað er *íslensk* sagnfræði?“
21. nóvember, Guðmundur Jónsson sagnfræðingur, „Er sagan bara sjónarmið? Spurningin um hlutlægni í sagnfræði“
5. desember, Þorsteinn Helgason sagnfræðingur, „Er til rétt saga? Um kanón í sagnfræði og sögukennslu“
19. desember, Róbert Haraldsson heimspekingur, „Sannast sagna: Efasemdir um gildi sannleikans fyrir sagnfræði og hvernig má eyða þeim“

Dagskrá hádegisfunda eftir áramót

Miðlun

9. janúar, Sverrir Jakobsson sagnfræðingur, „Hvort kemur á undan, rannsóknir eða miðlun?“
23. janúar, Súsanna Margrét Gestsdóttir sagnfræðingur, „Sögukennsla: Nema hvað? Hvernig?“
6. febrúar, Hannes Hólmsteinn Gissurarson stjórnmálafræðingur, „Heimildagildi heimildamynda“
20. febrúar, Ómar Ragnarsson fréttamaður, „Um heimildamyndir og þáttagerð“
6. mars, Ágúst Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður, „Þjóðveldisöldin kvikmynduð“
20. mars, Gísli Sigurðsson íslenskufraeðingur, „Arfur og miðlun: Hugmyndafræði og nýjar rannsóknir“
3. apríl, Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur, „Ferð til fortíðar. Sögusýningar á Íslandi“
17. apríl, Ævar Kjartansson fréttamaður, „Sagan sögð og rædd. Þáttagerð og miðlun sögulegs efnis í útvarpi“
8. maí, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, „Miðlun menningararfs“

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

NORRÆNA SAGNFRÆÐIÞINGIÐ – FLOTT SEM ALDREI FYRR!

Að ári, í ágúst 2007, mun 26. norræna sagnfræðingapíngið verða haldið í Reykjavík. Ef að líkum lætur mun þetta verða einn fjölmennasti viðburður sem helgaður hefur verið sagnfræði hér á landi en búist er við að erlendir gestir verði um 600 talsins. Þá má reikna með að fjöldi fyrirlesara og annarra þátttakenda í málstofum telji á annað hundrað.

Nú þegar hafa línurnar verið lagðar hvað varðar meginefni þingsins. Alls bærust landsnefnd sagnfræðinga 55 tillögur að efnunum en 11 þeirra urðu fyrir valinu. Í samráði við fulltrúa sagnfræðinga á hinum Norðurlöndunum valdi landsnefnd að leggja áherslu á þær tillögur sem þóttu frumlegar og stuðluðu að auknu samstarfi. Þá var sett sem skilyrði að einn fulltrúi væri frá sérhverju Norðurlandanna í málstofunum.

Þrjú aðalefni verða í boði í málstofum sem verða dagslangar. Þar er fyrst að telja málstofuna *Vänner, patroner, klienter, 1100-1800* sem einkum lýtur að trúnaðarsamböndum á miðöldum og árnýöld. Þar eru málstofustjórar þeir Lars Hermanson frá Svíþjóð og Jacob Danneskiold-Samsø frá Danmörku. Annað meginþema ráðstefnunnar er efnið: *Kvinnor och politik i det tidigmoderna Norden* en þar er í forsvari Ása Karlsson-Sjödin, frá Umeå. Það vekur nokkra umhugsun að þessi málstofa er sú eina meðal meginefna þingsins sem tengja má við kynjafræði. Vekur þetta upp spurningar um hvort kynjasagan sé hreinlega á útleið sem fræðigrein eða hvort ástundendur hennar séu hreinlega að spara sig fyrir norræna kvennasöguþingið 2008.

Þriðja meginefni þingsins er *Encountering the Foreign Worlds – Experiences at Home and Abroad*. Forsvarsmenn þessarar dansk-finnsku málstofu eru hér að fíkra sig út á hinn hálan ís póst-kólóníalismans og það í norrænu samhengi. Á meðan íslenskir sagnfræðingar hafa verið önnur kafnir við endurskoðun póst-móðernismans hefur nafni hans kólóníalisminn læðst með veggjum. Að þessu sinni mun þó sá síðarnefndi verða í aðalhlutverki.

Að þessu sinni verða hálfisdagsmálstofur þingsins átta talsins. Við gerð dagskrár var reynt að leitast við að hafa hana sem fjölbreyttasta. Fyrir þá sem hafa áhuga á miðöldum má þar finna málstofuna *Vækst og tilbagegang. De nordiska länders resources c. 1000-1500*. Árnýöldinni eru gerð skil á breiðum grundvelli í málstofunni *Nordisk statsbildning 1300-1800*. Þá ættu áhangendur nýrri tíma að finna eitthvað við sitt hæfi í *The deglobalization of the 1930s: Foreign Trade and The Great Depression in the Nordic Countries*, eða *Sosialdemokratiet i Norden. Sluttet på en epoke?* Þá er að finna málstofu um kennslufræðileg málefni en einnig athyglisverða málstofu um geðlækningar í *Nya tendenser i psykiatrihistorien* en einnig má nefna málstofurnar *Arbeides historie* og *Energi og velfærdssat efter det 2. verdenskrig*.

40 laus pláss í boði!

Enn á eftir að velja inn rúmlega 40 málstofur og einstaka fyrirlestra. Ætlunin er að bjóða upp á 15-20 hringborðsumræður á þinginu, sem og 10-15 verkefnakynningar og um 10 einstaka fyrirlestra. Landsnefnd hafa nú þegar borist tillögur að efnunum hvaðanæva úr heiminum. Hitt er svo annað mál að hér gefst íslenskum sagnfræðingum, ekki síst yngri fræðimönnum, kostur að kynna sínar eigin rannsóknir eða lyfta fram nýjum samstarfsverkefnum sem eru í burðarliðnum eða lengra komin.

Umsóknarfrestur til að leggja fram tillögu að efni á þingið **rennur út 15. september** næstkomandi. Umsóknir skal senda til ainarhr@hi.is og þarf umsókn að innihalda nafn og titil á málstofu ásamt örstuttri efnislýsingu og lista yfir þátttakendur. Þá er hægt að nálgast meiri upplýsingar um þingið á heimasíðu þess: www.nordisk.hi.is

*Einar Hreinsson
Framkvæmdastjóri Norræna
sagnfræðingapingsins*

SAGA BISKUPSSTÓLANNA KOMIN ÚT

Nýlega kom út *Saga biskupsstólanna Skálholt—Hólar* hjá bókaútgáfunni Hólar. Aðalhöfundar bókarinnar eru þau Jón Þ. Þór sem skrifar um Hólastól og Guðrún Ása Grímsdóttir sem skrifar um Skálholtsstól. Að auki skrifar fjöldi annarra fræðimanna sem skrifa um afmörkuð efni. Gunnar Kristjánsson var aðalritstjóri en Óskar Guðmundsson var ritstjóri. Bókin er 864 blaðsíður og fæst í öllum helstu bókaverslunum.

FÉLAG UM ÁTJÁNDU ALDAR FRÆÐI

DAGSKRÁ VETRARINS

Laugardaginn 4. nóvember nk. heldur Félag um átjándu aldar fræði málþing sem ber yfirskriftina **Enn af ástum og örlögum á átjándu og nítjándu öld**. Málþingið verður haldið í Þjóðarbókhöfðu, fyrirlestrasal á 2. hæð. Það hefst kl. 13:00 og því lýkur um kl. 16:45. Eftirtaldir fræðimenn flytja þar erindi: Árni Björnsson, Guðný Hallgrímsdóttir, Ólöf Garðarsdóttir, Sigurður Pétursson, Torfi K. Stefánsson Hjaltalín og Þórunn Guðmundsdóttir.

Laugardaginn 10. febrúar 2007 heldur félagið málþing um **Stórubólu** í tilefni þess að á árinu verða liðnar þrjár aldir frá því að drepsóttin barst til landsins. Laugardaginn 24. mars verður málþing um **Tómas Sæmundsson** í tilefni af tveggja alda fæðingarafmæli hans.

Hin árlega sumarferð félagsins verður farin laugardaginn 9. júní. Að þessu sinni verður farið um Mýrdal, Eyjafjallasveit og Fljótshlíð. Fararstjóri verður Þóra Kristjánsdóttir.

Í undirbúningi eru ýmis málþing sem félagið heldur á næstu árum. Í því viðfangi má nefna að í febrúar 2009 verður haldið **málþing** í tilefni þess að á árinu verða liðnar tvær aldir frá valdaskeiði Jörundar hundadagakonungs.

Nokkur hópur félagsmanna hefur afráðið að sækja **tólftu alþjóðaráðstefnuna um upplýsinguna, Twelfth International Enlightenment Congress**, sem heimssamtök félaga um átjándu aldar fræði, International Society for Eighteenth-Century Studies, halda, í samvinnu við heimamenn, í *Montpellier í Frakklandi* 8.–15. júlí 2007. Meginefnissvið ráðstefnunnar er skilgreint á ensku sem hér segir: „Knowledge, Techniques and Cultures in the 18th Century“. Upplýsingar um hana má finna á vefslóðinni www.congreslumieres2007.org.

Strax að lokinni ráðstefnunni, 15.–22. júlí, efnir félagið til **ferðar um söguslóðir í París og nágrenni**, og verður hún hliðstæð ferð um söguslóðir í Skotlandi er farin var 3.–9. ágúst 2005.

Félagar í Félagi um átjándu aldar fræði eru nú rúmlega 200 talsins.

Vefslóð félagsins er: www.akademia.is/18.oldin. Þar birtast m.a. upplýsingar um málþing og aðra starfsemi þess. Félagið gefur út rafrænt tímarit sem ber heitið *Vefnir. Tímarit félags um átjándu aldar fræði*. Vefslóð þess er: bok.hi.is/vefnir.

SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR Á 20. ÖLD

FRAMTÍÐARSÝN Á 21. ÖLDinni

Ráðstefna í tilefni 100 ára afmælis
Verkalyðsfélagsins Dagsbrúnar og 50 ára
afmælis Bókasafns Dagsbrúnar

Laugardaginn 23. september 2006
Iðnó kl. 10.00–17.00

Dagskrá:

Framleiðsluhættir og stjórnsmál
Ingólfur Gíslason, félagsfræðingur hjá Jafnréttisstofu

Barnaskólar í ljósi þjóðfélagsuppruna. Ísland á fyrri hluta 20. aldar
Ólöf Garðarsdóttir, sagnfræðingur hjá Hagstofu Íslands

Verkalyðshreyfingin og staða kvenna og karla á vinnumarkaði
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dósent við félagsvísindadeild H.Í.

Baráttan fyrir mannsæmandi húsnaði
Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur hjá ReykjavíkurAkademíunni

Tryggvi sigurvegari – Verkalyðsbókmenntir á 20. öld?
Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur hjá ReykjavíkurAkademíunni

Velferðarkerfið: Ávöxtur af baráttu verkalyðshreyfingarinnar?
Guðmundur Jónsson, prófessor við hugvísindadeild H.Í.

Launþegahreyfing á nýrri öld
Stefán Ólafsson, prófessor við félagsvísindadeild H.Í.

Pallborð. Efni: *Hvar stöndum við – hvert stefnum við?*
Þátttakendur pallborðs: Ásmundur Stefánsson, ríkissáttasemjari, Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, Atli Gíslason, lögmaður Eflingar-stéttarfélags, og Sigurður Besson, formaður Eflingar-stéttarfélags.

Slit ráðstefnu og boðið til léttra veitinga kl. 17.

ÞÓRUNN GUÐMUNDSDÓTTIR
AÐ LOKNU ÞRIÐJA ÍSLENSKA SÖGUPINGINU

Undirbúningurinn

Þann 8. febrúar 2005 kom undirbúningsnefnd Þriðja íslenska sögubingsins saman til fyrsta undirbúningsfundar. Þetta voru fulltrúar þeirra stofnana og félaga sem standa að Sögubingi, þ.e. frá Sagnfræðingafélagi Íslands Ólafur Rastrick, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands Már Jónsson, Sögufélaginu Þórunn Guðmundsdóttir, Félagi sögukennara Heiða Björk Sturludóttir og frá ReykjavíkurAkademíunni Jón Þór Pétursson. Auk þess var Einar Hreinsson í nefndinni vegna stöðu sinnar sem framkvæmdastóri NH 2007.

Nefndin hélt fimm fundi fram til hausts 2005 og í upphafi voru það einkum þrjú atriði sem þurfti að hafa í huga, fræðin, fé og ramminn.

Vinnan hófst með gerð fjárhagsáætlunar og voru rekstrarreikningar fyrri þinga hafðir til viðmiðunar. Menn voru sammála um að ekki kæmi til greina annar staður til þinghalds en byggingar Háskóla Íslands, þó nú þurfi að greiða þar húsaleigu og strax í upphafi var tekin ákvörðun um að halda þingið í Öskju 18.-21. maí 2006

Strax var ákveðið að fá einn stóran styrktaraðila að þinginu og það tókst þar sem Landsbanki Íslands gerðist aðalstyrktaraðili þingsins. Auk þess veittu Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg ríflega styrki svo og kom fjárhagslegur stuðningur frá þeim samtökum sem stóðu að þinginu.

Kynningarmál

Kynningarmál þingsins voru eitt þeirra mála sem við töldum mikilvæg, og hentugast væri og í samræmi við nútímann, að öflug heimasíða væri sá vettvangur sem best væri að kynna þingið á og að hafa samskipti við fyrirlesara og gesti þingsins. Það verður að segjast eins og er og það er mat undirbúningsnefndarinnar að kynningarmál þingsins hafi ekki verið í samræmi við það sem lagt var upp með. Sérfræðingar voru fengnir til þess að hanna síðuna en það gekk bæði seint og illa að koma síðunni í gagnid, auk þess var uppfærslu á henni ekki sinnt sem skyldi. Ákveðinn vandræðagangur í kynningar-og tengslamálum skrifast á skort á eftirliti af hálfu okkar nefndarmanna. Þingið fékk mikla og góða umfjöllun í fjölmiðlum þá daga sem það stóð en vissulega var samkeppnin um athyglina mikil þar sem sveitastjórnakosningar voru viku síðar.

Fyrirlestrar og faglegt efni

Mikilvægasti þáttur slíkra þinga er fræðilegi hlutinn og nefndarmenn eru sammála um að þar hafi tekist vel til. Við setningu þingsins var haldinn árlegur minningarfyrirlestur, The Jón Sigurðsson Memorial Lecture. Að þessu sinni var það enska fræðikonan Liz Stanley sem kom til landsins og flutti, að mati flestra sem á hlýddu, frábæran fyrirlestur. Þrjár stofnanir stóðu að komu hennar til landsins, þ.e. Sögubingið, Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Aðrir fyrirlestrar voru síðan á dagskrá næstu þrjú daga og voru alls fluttir á áttunda tug fyrirlestra bæði stakir og í málstofum. Þessa daga áttu þinggestir þess kost að hlýða á mjög fjölbreytt efni og kynnast nýjum rannsóknum auk líflegra og málefnalegra umræða sem fóru fram. Fjölbreytnin var mikil og oftast voru í gangi þrjú málstofur á sama tíma sem vissulega veldur því að gestir misstu af áhugaverðu efni, en nú er fyrirhugað að ráðstefnurit þingsins komi út í janúar 2007. Annað mál sem olli vandræðum fyrsta heila ráðstefnudaginn var að tímasetningar voru ekki nógu nákvæmar en úr því tókst að bæta frá og með laugardegi.

Undirbúningsnefnd ræddi vissulega þann vanda sem er að hafa þrjár málstofur á sama tíma en niðurstaðan var sú að ekki þótti gerlegt að fjölga þingdögum, einkum vegna þess að húsaleiga er há og mjög margir eiga ekki kost á að vera fjarri sínum daglegu skyldum tvo virka daga.

Á hádegi sunnudaginn 21. maí lauk fyrirlestrum sem voru á vegum þingsins en þá hófst í Hátíðarsal Háskóla Íslands dagskrá sem var í samvinnu Sögubings og Landsbankans en þar fluttu fimm sagnfræðingar fyrirlestra. Þessi dagskrá var opin öllum sem áhuga höfðu á að hlusta. Sagnfræðingarnir voru fengnir af Landsbanka Íslands til að skrifa þessa fyrirlestra, sérstaklega af þessu tilefni. Aðsókn var góð og teljum við sem undirbyggjum þetta þing að þetta hafi tekist mjög vel.

Lokaorð

Við í undirbúningsnefndinni teljum að faglega hafi Þriðja íslenska sögubingið tekist vel en það verður ekki litið framhjá því að eitt og annað varðandi framkvæmd þingsins gekk ekki eins og upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Hvað sem ákveðnum hnökrum í framkvæmd þess líður kvöddust þinggestir ánægðir og nokkru fróðari á björtu sunnudagskvöldi í Landsbankanum í Austurstræti.

HEIMSPING HAGSÖGUFRÆÐINGA 2006

Nýverið lauk heimspingi hagsögufræðinga en það var haldið í Helsinki í Finnlandi dagana 21.–25. ágúst. Þingið var fjölsótt en skráðir þátttakendur voru um 1.400 talsins. Málstofurnar voru um eða yfir 120 talsins og efnin voru allfjölbreytileg, mest þó úr sögu síðari alda og um sögu Evrópu og Bandaríkjanna. Eigi að síður fjölluðu mörg erindi um efni úr sögu annarra heimshluta.

Að mínu viti bar mikið á „klassískum“ hagsögulegum viðfangsefnum svo sem verðlagi á vörum og þáttamörkuðum (= verði á landi, vinnuafli og peningum), þjóðhagsreikningum, hagvexti og hagþróun, og sögu peninga, fjárfestinga og fjármálamarkaða svo dæmi sé tekið. Nokkuð var samt um málstofur sem fjölluðu um félagsöguleg efni eða voru fjölþættari á einhvern hátt. Ein var t.d. um Norðursjó sem Miðjarðarhaf norðursins, önnur um sögu fjárhættuspils sem atvinnuvegar, þriðja um lúxus og framleiðslu munaðarvöru, fleiri en ein voru á sviði landbúnaðarsögu, og nokkrar voru um sögu kvenna. Einnig má nefna málstofur um landnemasamfélög, sjúkdóma og mannfelli, viðskiptabréf, aldraða, olúviðskipti, fyrirtækjaform, skógarnýtingu og svo mætti lengi telja.

Að jafnaði voru nálægt fimmtán málstofur í gangi samtímis svo vandi var að velja efni til að taka þátt í. Toguðust þá gjarnan á áhugi á heilum málstofum, einstökum framlögum eða jafnvel tilteknum framsögumönnum („fyrirlesurum“). Málstofurnar voru misjafnlega góðar og fór það bæði eftir skipulagi þeirra og frammistöðu manna. Hið hefðbundna form var að gefa þeim sem voru með framlög („pappíra“) tíma til að reifa efnið og taka svo við spurningum og athugasemdum. Í sumum málstofum var vikið frá þessu og stundum var alltaf rýnir (commentator) á eftir hverjum og einum, eða þá að viðkomandi rýnir tók fyrir tvö til þrjú framlög í einu og kynningu á einstökum framlögum var sleppt. Á eftir var síðan alltaf kostur á umræðum. Í einstaka málstofum bar mest á umræðum um efnin og fóru þær reyndar einstaka sinnum út í móa vegna slakrar fundarstjórnar. Sumir áttu líka bággt með að orða hugsun sína á ensku eða bera hana fram svo vel væri en enska var ráðstefnumálið þótt sumir töluðu frönsku. Framsetning framsögumanna á málstofunum var að jafnaði góð en stundum var mikill misbrestur á því.

Íslensk efni voru ekki fyrirferðarmikil á þinginu eins og nærri má geta og ekki munu nema þrjú framlög hafa snert sögu Íslands. Danskur sagnfræðingur, Jens Ulff-Møller, fjallaði um

hundraðatalið í íslenskum jarðabókum, Guðmundur Jónsson fjallaði um viðbrögð hagsmunadila í sjávarútvegi á Íslandi og í Noregi við kreppunni miklu, og undirritaður fjallaði um félagslegan hreyfanleika á 19. og 20. öld út frá tveimur dæmum af ólíkum ættum.

Meðal dagskrárliða var veiting verðlauna fyrir bestu doktorsritgerðina frá síðustu árum. Hana fékk ungur kvendoktor frá Spáni. Ritgerðin var tilraun til að leggja fram aðferð við græna (umhverfisvæna) þjóðhagsreikninga fyrir olúframléiðslulönd og var aðferðin jafnframt prófuð fyrir tvö slík lönd.

Auk umræðna og skoðanaskipta er eitt helsta gagnið af ráðstefnum og þingum af þessu tagi það að hitta vini og kunningja, stofna til nýrra kynna og setja andlit á kunnugleg nöfn. Sökum fjölmennis og stífrar dagskrár var erfitt að finna tíma og vettvang til að ýta undir samskipti manna á milli nema í kaffipásam og matarhléum. Óhætt er samt að segja að gömul bönd hafi verið treyst og ný kynni hafi tekist milli margra enda borðuðu málstofuþátttakendur stundum saman og kynntust þannig innbyrðis. Ennfremur voru haldin tvö boð fyrir þátttakendur.

Aðstaðan á þinginu var almennt góð, þingið var haldið í tveimur húsum en dagóður spotti var á milli og því var erfðara að fara á milli málstofa en ella. Hins vegar var ágætlega búið að matarþörfum þátttakenda enda þótt miklar biðraðir mynduðust í hádeginu. Í öðru húsinu voru nokkur bókaforlög, bæði finnsk og alþjóðleg, með kynningu á sagnfræðibókum og tímaritum. Ennfremur var gott tölvuver sem þó hefði mátt vera opið lengur. Fjöldi aðstoðarfólks var til staðar og kom það sér t.d. vel þegar farsíminn minn dó!

Meðal ráðstefnugagna, sem þátttakendur fengu afhent, var vegleg bók um hagsögu Finnlands sem hafði verið tekin saman sérstaklega vegna þingsins. Má segja að bókin hafi speglað metnað og áhuga finnskra sagnfræðinga á þinginu. Við þingslit var Riitta Hjerpe úr Department of Social Science History við Finnlandsháskóla kosinn forseti heimssamtaka hagsögusagnfræðinga næstu árin og er það trúlega í fyrsta skipti sem kona gegnir því embætti.

Veðrið lék við þinggesti og veitti dagskránni harða samkeppni því dagarnir voru mjög sólríkir og hitinn að jafnaði um og yfir 20 stig. Helsinki var að lokum kvödd með ánægjulegar minningar og skemmtilega fræðilega reynslu í farteskinu.

TÍMAMÓT – STÉTTARTAL SAGNFRÆÐINGA KOMIÐ ÚT

Fyrri bindi bókarinnar *Íslenskir sagnfræðingar* kom út þann 7. september. Nú gefst fólki tækifæri til að tryggja sér hana á frábæru verði hjá útgefanda (Pantið núna í gegnum eftirfarandi veffang: www.skrudda.is).

Haustið 1997 var ákveðið í stjórn Sagnfræðingafélags Íslands að kanna hvernig best væri að nálgast útskrifaða sagnfræðinga úr Háskóla Íslands og styrkja félagið. Það er skemmst frá því að segja að eftir nokkra umhugsun var ákveðið að ráðast í gerð stéttartals sem næði til allra sagnfræðinga sem stundað hefðu háskólanám hér á landi eða erlendis. Þegar þróunarvinna talsins hófst í samráði við forleggjara í Máli og mynd (nú Skrudda) var fljótlega ákveðið að ráðast samhliða í umfjöllun um fræðigreinina og þróun hennar og birta í sérstakri bók. Það verk kom út vorið 2002 þegar annað sögubingið stóð sem hæst og nefnist *Íslenskir sagnfræðingar*. Seinna bindi. *Viðhorf og rannsóknir*. Ritstjórar eru ásamt mér þau Loftur Guttormsson, Páll Björnsson og Sigrún Pálsdóttir, en ritið er 476 blaðsíður. Verkið inniheldur fjölbreytt efni sem tengist sagnfræði og framvindu hennar á 20. öld. Bókin er að sjálfsögðu enn til sölu hjá útgefendum á mjög góðu verði.

Þann 7. september kom síðan fyrri bindið út en það inniheldur sjálft stéttartalið auk annáls Sagnfræðingafélagsins sem Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman ásamt ýmsu öðru viðbótarefni sem tengist starfinu á 20. öld. Bókin, sem er álíka stór og sú sem kom út árið 2002, er ríkulega myndskreytt og hafði Eggert Þór Bernharðsson veg og vanda af þeirri vinnu. Ritstjórar þessa fyrri bindis eru auk mín þeir Ívar Gissurarson, Páll Björnsson og Steingrímur Steinþórsson. Nokkrir tugir sagnfræðinga eiga efni í báðum bindunum sem spannar til dæmis hugmyndafræðilegar pælingar fræðimanna á 20. öld, fræðilegar sjálfsævisögur þekktra núlifandi sagnfræðinga, sögubrot, lög og siðareglur

félagsins og rúmlega tuttugu stuttar ritgerðir ungra sagnfræðinga sem horfa fram á veginn og velta fyrir sér stöðu fræðigreinarinnar í framtíðinni.

Ég vil nota tækifærið til að óska sagnfræðingum hamingju með útkomu þessa mikla verks. Ég er sannfærður um að það muni hafa góð áhrif á þróun fræðigreinarinnar á næstu árum og ég vil hvetja háskólakennara (og framhaldsskólakennara) til að nýta sér það í kennslu (til dæmis í samhengi við sögu sagnfræðinnar hér á landi, hugmynda- og aðferðafræðilega þróun hugvísinda á 20. öld og til þess að kynna Sagnfræðingafélagið og fjölbreytta starfsemi þess). Það er afar mikilvægt að þessi rit komist í almenna dreifingu þar sem forleggjarar hafa lagt mikið undir við útgáfu verksins og eiga sannarlega þakkir skildar fyrir þrautseigju við útgáfuna og heiðarleika í garð félagsins.

Við stöndum í mikilli þakkarskuld við þá féлага Ívar Gissurarson og Steingrím Steinþórsson. Ég hvet því alla, bæði sagnfræðinga og annað hugvísindafólk, til þess að hafa samband við Skrudda og festa kaup á bókunum báðum sem fyrst. Þá vil ég hvetja þá sem vinna á stofnunum - í skólum eða við rannsóknastofnanir - að leggja til við forstöðumenn sína að þeir kaupri ritin fyrir vinnustaðinn. Hvert strá gerir skugga. Sjálfur vill ég nota tækifærið og þakka Skruddumönnum og öllum sagnfræðingum sem komið hafa að vinnslu verksins fyrir samstarfið og óeigingjarna vinnu við vinnslu þess. Við sem höfum verið viðloðandi útgáfuna frá upphafi getum örugglega sagt að oft hafi vinnan við ritin tekið mjög á, það var á köflum mjög tímafrekt og slítandi að sinna verkefninu, en þegar upp er staðið þá sé ávinningurinn mikill; hvernar mínútu virði.

Sigurður Gylfi Magnússon

HUGVÍSINDAÞING 2006

Hugvísindaþing 2006 verður haldið dagana 3. og 4. nóvember næstkomandi. Fylgist með á heimasíðu Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, www.hugvis.hi.is.

Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Fjölrítunarstofu Daníels Halldórssonar.

Efni í fréttabréfið má senda á bragio@bok.hi.is

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
